

Kópavogsbær  
Berglind Ósk Kjartansdóttir  
Digranesvegi 1  
200 Kópavogur

Reykjavík, 21. maí 2021  
UST202105-036/B.S.  
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag - Arnarnesvegur - Rjúpnavegur að Breiðholtsbraut. Lýsing.  
Umsögn**

Vísað er til bréfs Kópavogsbæjar dags. 27. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.

Umhverfisstofnun telur að í lýsingunni séu tilgreind helstu atriði sem máli skipta varðandi gerð deiliskipulags að undanteknu því að gera ætti í deiliskipulagi grein fyrir aðgerðum sem gripið verður til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum mannvirkjagerðarinnar á útivistarsvæði þannig að tryggt verði að þessar aðgerðir verði skilgreindur hluti framkvæmdarinnar frá upphafi en ekki aðgerð sem ráðist verður í að framkvæmdum loknum. Þannig telur stofnunin að tryggja megi sem best árangur mótvægisáðgerða. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda lýsingu.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur